

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/333
komudagur 22.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þskj. 94 - 82. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. BSRB styður markmið laganna um að felld verði brott skilyrði um sjálfskuldaraábyrgð ábyrgðarmanna á námslánum til tryggingar jafnréttis til náms.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Lánasjóðsins setji reglur um lánshæfismat og er það alfarið í höndum stjórnar, þ.e. frumvarpið kveður ekki á um nánari viðmið. BSRB hefur því ekki forsendur til að meta í hve miklum mæli frumvarpið muni breyta núverandi kröfum um ábyrgð þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ef námsmaður uppfyllir ekki skilyrði lánshæfismats þurfi hann að útvega ábyrgð ábyrgðamanns, bankaábyrgð eða veð í fasteign.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri